



Reglur um stuðningsþjónustu hjá Sveitarfélaginu Ölfusi

I. kafli

Almennt um stuðningsþjónustu

1. gr.

Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. VII. og VIII. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Þegar um er að ræða börn og ungmenni er einnig horft til VI. kafla laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og barnaverndarlaga nr. 80/2002. Reglur þessar byggja m.a. á leiðbeiningum félags- og húsnæðismálaráðuneytis fyrir sveitarfélög um stuðningsþjónustu samkvæmt lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

2. gr.

Markmið

Markmið með almennri stuðningsþjónustu er að aðstoða og hæfa notendur sem þurfa, aðstæðna sinna vegna, á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs, við heimilishald og/eða til þess að rjúfa félagslega einangrun. Stuðningsþjónusta skal stefna að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi.

Við framkvæmd almennrar stuðningsþjónustu skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum og virða sjálfsákvörðunarrétt hans. Um leið skulu sköpuð skilyrði til að einstaklingurinn geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Stuðningsþjónusta skal í heild sinni miða að valdeflingu og miðast við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður.

Stuðningur sem veittur er skv. reglum þessum til handa foreldrum, forsjáraðilum og eftir atvikum vistunaraðilum við uppeldi barna eða til að styrkja þá í hlutverki sínu svo þeir geti búið börnum sínum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði. Einnig er stuðningurinn til handa börnum og fjölskyldum þeirra sem þurfa aðstoð vegna fötlunar, skerðinga, langvinnra veikinda og/eða félagslegra aðstæðna. Markmiðið er að styrkja stuðningsnet fjölskyldunnar svo að hún sé betur í stakk búin til að takast á við uppeldið.

Lögð skal áhersla á að styrkja fatlaða foreldra við að halda heimili og taka þátt í samfélaginu. Jafnframt skal leggja áherslu á sérhæfða ráðgjöf og félagslegan stuðning til þess að hvetja til félagslegs samneytis.

Þegar börnum er veittur stuðningur skal hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu og stuðlar að félagslegri aðlögun þess og þroska.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum skal ætíð koma fram í stuðningsáætlun, áætlun máls eða einstaklingsbundinni þjónustuáætlun, eftir því sem við á hverju sinni og vera í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð.

3. gr.

Réttur til almennrar stuðningsþjónustu

Stuðningsþjónusta er fyrir þau sem búa á eigin heimili og þurfa stuðning vegna skertrar getu, fötlunar, fjölskylduaðstæðna, álags eða veikinda. Stuðningsþjónusta samkvæmt reglum þessum er veitt bæði innan og utan heimilis samkvæmt þjónustumati þar um.



Sveitarfélaginu er ekki skylt að veita stuðningsþjónustu á stofnunum, svo sem sjúkrahúsi og öldrunarstofnun þó slíkt sé heimilt, til dæmis til að rjúfa félagslega einangrun, t.a.m. til að fara út af stofnun og sinna tómstundum. Samvinna skal þó alltaf höfð við viðkomandi stofnun, sbr. 62. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Almenn stuðningsþjónusta er að hámarki 15 klst. á viku.

Reynist þörf fatlaðs einstaklings fyrir stuðning vera meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal veita viðbótarþjónustu skv. lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Horfa þarf á heildarmynd stuðnings við heimili þegar þjónustumat er gert. Ekki er að jafnaði veitt þjónusta sem aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, geta annast en á því eru undantekningar s.s. heimili langveikra eða fatlaðra sem þurfa mikla umönnun frá öðrum fjölskyldumeðlimum.

Forsenda þess að geta sótt stuðningsþjónustu samkvæmt reglum þessum er að umsækjandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu og búi utan stofnana, sbr. 2. mgr.

4. gr.

Réttur til stuðnings fyrir börn og fjölskyldur

Stuðningur fyrir börn og fjölskyldur er til handa þeim sem þurfa aðstoð vegna félagslegra aðstæðna, skertrar getu, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur bæði innan og utan heimilis.

Við veitingu stuðnings til fjölskyldna skal ætíð leita eftir sjónarmiði barns eftir því sem aldur þess og þroski leyfir.

5. gr.

Skilgreining á almennri stuðningsþjónustu

Með stuðningsþjónustu í reglum þessum er átt við:

- a) stuðning við athafnir í daglegu lífi sem tekur mið af þörfum notandans, s.s. við að sinna persónulegu hreinlæti og klæðast.
- b) stuðning við heimilishald s.s. við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda samkvæmt sérstöku þjónustumati. Einnig er um að ræða stuðning til skemmri tíma vegna sérstakra aðstæðna. Auk þess er veittur stuðningur við að nýta velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.
- c) Félagslegan stuðning sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja notandann til félagslegrar þátttöku. Félagslegur stuðningur felst m.a. í samveru með umsækjanda, markvissum stuðningi, hvatningu og örvun.
- d) Heimsendingu á mat fyrir þá notendur sem ekki geta annast matseld sjálfir og hafa ekki tök á að matast á lífsgæðasetrinu Níunni. Leitast skal við að koma einnig til móts við einstaklinga sem búa í dreifbýli.

Stuðningur er ekki veittur í þeim tilvikum sem aðrir aðilar bera ábyrgð á að veita t.d. heimahjúkrun. Þó er heimilt að veita stuðningsþjónustu samhliða annarri þjónustu og í samstarfi.

Notandi þjónustu skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkum sem leysa þarf af hendi eftir því sem kostur er.



6. gr.

Skilgreining á stuðningi við börn og fjölskyldur

Stuðningur fyrir börn og fjölskyldur er til handa þeim sem þurfa aðstoð vegna félagslegra aðstæðna, skertrar getu, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur bæði innan og utan heimilis.

Við veitingu stuðnings til fjölskyldna skal ætíð leita eftir sjónarmiði barns eftir því sem aldur þess og þroski leyfir.

Um er að ræða eftirfarandi stuðning:

- a) Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf: Markmið með foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf er að aðstoða og leiðbeina foreldrum, forsjáraðilum eða vistunaraðilum við að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði og aðbúnað barna. Stuðningur er veittur innan sem utan heimilis, s.s. með aðstoð við heimilishald og ráðgjöf fagaðila. Allur stuðningur miðar að því að mæta mismunandi þörfum foreldra og að því að valdefla þá í hlutverki sínu.
- b) Námskeið: Markmið námskeiða er að efla félagsfærni, uppeldisfærni og líðan barna og fjölskyldna.
- c) Einstaklingsstarf fyrir 6-18 ára: Markmið með einstaklingsstarfi er að rjúfa félagslega einangrun, efla lífsleikni, samfélagsþátttöku og efla börn til aukinnar sjálfshjálpar.
- d) Stuðningsfjölskylda fyrir 0-18 ára: Markmið með stuðningsfjölskyldu er að styðja foreldra í foreldrahlutverki sínu, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet barns eftir því sem við á og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku. Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahúsum áframhaldandi stuðningsfjölskyldu á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi. Leitast skal við að veita barninu stuðning inni á heimili þess eftir því sem kostur er. Dvöl barns hjá stuðningsfjölskyldu getur að hámarki verið 15 sólarhringar á mánuði en þó að hámarki sjö (7) sólarhringar þegar mál barns er til vinnslu á grundvelli barnaverndarlaga.
- e) Dvöl barns í skammtímadvöl og hjá stuðningsfjölskyldu getur samanlagt verið að hámarki 15 sólarhringar á mánuði.
- f) Skammtímadvöl fyrir fötluð börn eða börn með miklar þroska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára. Markmið með skammtímadvöl er að gefa fötluðum börnum kost á að dvelja tímabundið utan heimilis síns þegar um er að ræða miklar stuðningsþarfir umfram jafnaldra og til að styðja við fjölskyldu barnsins. Stuðningur í skammtímadvöl getur verið allt frá hluta úr degi og í allt að 15 sólarhringar í mánuði. Unnt er að veita stuðning inn á heimili barnsins í stað dvalar utan heimilis sé þess óskað. Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahúsum áframhaldandi skammtímadvöl á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi. Dvöl barns í skammtímadvöl og hjá stuðningsfjölskyldu getur samanlagt verið að hámarki 15 sólarhringar á mánuði.
- g) Heimili fyrir fötluð börn eða börn með miklar þroska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára: Markmið slíkra heimila er að veita börnum sem þess þurfa umfangsmikinn stuðning og aðgæslu allan sólarhringinn. Þessi úrræði eru aðeins veitt að undangengnu mati sérfræðingateymis félags- og húsnæðismálaráðuneytis um að fullreynt hafi verið að styðja barn á heimili fjölskyldu eða í nærsamfélagi þess.



7. gr.

Hvenær þjónusta er veitt

Almenna reglan er að almenn stuðningsþjónusta er veitt á dagvinnutíma en hægt er að sækja um styttri innlit utan þess tíma.

Stuðningsþjónusta fyrir börn og fjölskyldur er veittur milli kl. 07:00 og 23:00 en þó skal ávallt taka mið af þörfum barns og fjölskyldu.

II. kafli

Umsóknir og mat á þjónustupörf

8. gr.

Umsóknir

Sótt er um stuðningsþjónustu á umsóknareyðublöðum sem nálgast má í Ráðhúsi Ölfuss, á Níunni eða á olfus.is. Þegar mat á stuðningsþörf hefur verið framkvæmd er umsóknin tekin fyrir á teymisfundi velferðarþjónustu. Þegar sérstakar aðstæður krefjast þess er heimilt að hefja stuðning þótt samþykktarferli sé ekki lokið. Umsækjandi fær skriflegt svar um afgreiðslu umsóknar.

9. gr.

Mat á þjónustupörf fyrir almennan stuðning

Þjónustuparfir allra umsækjenda skulu metnar. Mat á þjónustupörf skal unnið í samvinnu við umsækjanda og fara fram eins fljótt og auðið er eftir að umsókn berst enda telst mat á þjónustu vera upphaf að skilvirku notendasamráði. Leitast skal við að veita þjónustu sem umsækjandi eða aðrir heimilismenn eru ekki færir um að annast sjálfir.

Við mat á þjónustupörf eru fjórir meginþættir metnir sem hafa áhrif á athafnir daglegs lífs:

- Þörf umsækjanda fyrir þjónustu
- Félagslegar aðstæður umsækjanda
- Færni og styrkleikar umsækjanda
- Samfélagsþátttaka, valdefling og virkni umsækjanda

Þjónusta skal metin í samráði við aðra þjónustuveitendur, s.s. í heilbrigðiskerfinu þegar við á. Sé stuðningsþörf vegna fötlunar metin meiri en svo að henni verði mætt að fullu með þjónustu eða aðstoð, skv. VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, skal stuðningur samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir koma til viðbótar og þjónustan samþætt í þágu notanda. Unnið skal að því að notandi fái heildstæða og samþætta þjónustu eða aðstoð.

10. gr.

Mat á þjónustupörf fyrir stuðning fyrir börn og fjölskyldur

Mat á stuðningsþörf fer fram hjá velferðarþjónustu Ölfuss, og er gert í samvinnu umsækjanda og ráðgjafa ýmist á heimili umsækjanda eða á öðrum vettvangi umsækjanda, og tekur mið af þörfum og heildaraðstæðum fjölskyldunnar og skipulags dagslegs lífs. Niðurstaða mats skal koma fram í áætlun máls. Markmiðið er ætíð að styðja fjölskylduna til að leita sem bestu mögulegu lausna hverju sinni.



Við mat á þörf og forgangsröðun skal líta til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- a) Færni/getu og styrkleika.
- b) Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
- c) Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni.
- d) Hvaða afleiðingar töf á veitingu stuðnings hafi fyrir umsækjanda.
- e) Annars veitts stuðnings.

Vísað er til matsviðmiða á fylgiskjali 1.

Sé niðurstaða mats sú að aðstæður barns og fjölskyldu séu með þeim hætti að ekki sé þörf á stuðningi samkvæmt reglum þessum, samkvæmt matsviðmiðum á fylgiskjali 1 með reglum þessum, ber að synja umsókninni.

11. gr.

Þjónustusamningur

Þjónustusamningur er gerður um alla stuðningsþjónustu. Í þjónustusamningi skal koma fram markmið þjónustu, hvaða þjónusta var samþykkt, vinnutilhögun, tímafjöldi og gildistími samnings. Allir þjónustusamningar skulu vera tímabundnir en að hámarki til 12 mánaða sé um að ræða stuðning við börn og fjölskyldur en annars til 24 mánaða. Verði breyting á þjónustupörf á tímabilinu fer fram endurmat. Stuðningur skal ætíð byggja á skýrum markmiðum og koma skal fram hvernig árangur verði metinn.

Í þeim tilvikum sem stuðningsþörf er viðvarandi skal 12 mánuðum áður en umsækjandi nær 18 ára aldri liggja fyrir áætlun um áframhaldandi stuðning.

12. gr.

Gildistími og endurmat

Þegar stuðningur hefst skal uppfæra stuðningsáætlun og samþykkja stuðning til ákveðins tíma, í fyrsta skipti til þriggja (3) mánaða en að þeim tíma liðnum skal endurmeta fyrirkomulagið með tilliti til framlengingar. Eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti skal árangur metinn, gerðar viðeigandi breytingar eða stuðningi lokið. Þegar breytingar verða á aðstæðum og högum fjölskyldu skal endurmeta stuðningsþörf. Í þeim tilvikum sem stuðningsþörf er viðvarandi þarf ekki að sækja um að nýju heldur skal endurnýja áætlun á tveggja (2) ára fresti.

13. gr.

Forgangsröðun umsókna

Umsóknum er forgangsraðað með hliðsjón af viðmiðum um forgangsröðun í stuðningsþjónustu samkvæmt fylgiskjali 1. Þeir njóta forgangs sem þurfa daglega á stuðningi að halda og aðstoð við athafnir daglegs lífs.

Ef fyrirséð er að stuðningurinn geti ekki hafist innan þriggja (3) mánaða skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi er upplýstur um áætlaða lengd á biðtíma og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 1035/2018, um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu.



III. kafli

Málsmeðferð

Um málsmeðferð mála skv. reglum þessum gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga og ákvæði VII. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

14. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn berst. Sama á við ef velferðarþjónustu berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Velferðarþjónusta Ölfuss skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

15.gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á. Leita skal eftir sjónarmiðum og afstöðu barns eða eftir atvikum hafa samráð við það, eftir því sem aldur og þroski þess leyfir, um málefni þess áður en ákvörðun um veitingu stuðnings er tekin.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar afgreiðslu umsókna um stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

16. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður velferðarþjónustu bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

17. gr.

Endurskoðun

Rétt til stuðnings samkvæmt reglum þessum má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans.

18. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stuðning samkvæmt reglum þessum er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það ógildi umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar um stuðning.



19. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsfólk velferðarþjónustu kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu sveitarfélagsins.

20. gr.

Ákvarðanataka

Teymi skipað starfsmönnum velferðarþjónustu, skal hafa í umboði fjölskyldu- og fræðslunefndar heimild til að taka ákvörðun um stuðningsþjónustu skv. reglum þessum. Sviðsstjóri velferðarþjónustu ber ábyrgð á afgreiðslu mála gagnvart nefndinni og skal árlega veita nefndinni upplýsingar um fjölda þjónustuþega og annað er máli kann að skipta við framkvæmd þjónustunnar.

21. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun. Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að fjölskyldu- og fræðslunefnd fjalli um umsóknina en slík beiðni skal berast nefndinni innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun fjölskyldu- og fræðslunefndar skal kynnt umsækjanda bréflega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

22. gr.

Heimild fjölskyldu- og fræðslunefndar til að veita undanþágu frá reglum þessum

Fjölskyldu- og fræðslunefnd hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til fjölskyldu- og fræðslunefndar innan fjögurra (4) vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

23. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun fjölskyldu- og fræðslunefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja (3) mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun nefndarinnar.

22. gr.

Gjaldtaka

Gjald er tekið fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélagið setur. Gjald er tekið fyrir þjónustu, s.s þrif og heimsendan mat, en ekki fyrir þá þjónustu sem nauðsynleg er við athafnir daglegs lífs.



23. gr.

Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar af fjölskyldu- og fræðslunefnd þann 22. júní 2023 og staðfestar af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfus þann 29. júní 2023 og miðast gildistaka við þann dag er bæjarstjórn staðfesti reglurnar.



Fylgiskjal 1

Mat á stuðningsþörf samkvæmt reglum sveitarfélagsins Ölfus um stuðningsþjónustu – Þjónusta við börn og fjölskyldur

Grundvallargildi við mat á stuðningsþörfum

- Matið tekur til heildaraðstæðna fjölskyldna
- Foreldrar þekkja börn sín best og vilja þeim það besta
- Börn og fjölskyldur eru ólík og einstök
- Börn dafna best í fjölskyldu og samfélagi þar sem stuðningur er góður
- Heildaraðstæður fjölskyldna hafa áhrif á líðan og hegðun barns

Vinna skal í samstarfi við foreldra og börn við að greina þarfir og forgangsraða út frá þeirra eigin sjónarhorni.

Við mat á stuðningsþörf skal horft eftirfarandi atriða og við lok mats skal tekin saman niðurstaða ráðgjafa/fagfundar/teymis :

1. Færni/geta og styrkleikar

- a) Færni og styrkleikar
- b) Samskipti og félagsleg virkni
- c) Áhugamál d. Umönnunar – og stuðningsþörf (ef við á)

2. Félagslegar aðstæður og tengslanet

- a) Fjölskylduaðstæður
- b) Nánasta tengslanet
- c) Ráðgjöf og stuðningur utan sveitarfélagsins
- d) Líðan barns/barna

3. Samfélagsleg þátttaka, valdefling og virkni

- a) Samskipti og félagsleg virkni
- b) Virkni í skóla, frístund, frítíma og/eða vinnu

4. Önnur atriði (ef við á)

- a) SIS- mat
- b) Umönnunarmat (TR flokkur)
- c) Umönnunarmat (TR prósentu)
- d) Fötlunargreining og/eða aðrar greiningar sem taldar eru skipta máli við mat á stuðningsþörf
- e) Upplýsingar um fötlun/líkamlegt heilsufar
- f) Stuðningsþarfir
- g) Annað sem umsækjandi vill taka fram varðandi fötlun eða andlega og líkamlega heilsu
- h) Virk einstaklingsbundin þjónustuáætlun eða einstaklingsáætlun
- i) Aðrar mikilvægar upplýsingar



Fylgiskjal 2

Forgangsöröðun samkvæmt reglum Sveitarfélagsins Ölfus um stuðningsþjónustu – Þjónusta við börn og fjölskyldur

Við mat á forgangi er byggt á matsviðmiðum, á fylgiskjali 1, þar sem litið er til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- Færni, getu og styrkleika
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets
- Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu á stuðningi hafi fyrir umsækjanda
- Annars stuðnings sem viðkomandi fær

1. Neyðarástand.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru með þeim hætti að veita þarf stuðning tafarlaust. Um er að ræða stuðning s.s. þegar barni er hætta búin og mál þess er til meðferðar á grunni barnaverndarlaga, alvarleg áföll verða eða veikindi koma upp. Töf á veitingu stuðnings hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir notendur.

2. Snemmtæk íhlutun.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru með þeim hætti að grípa þarf inn í aðstæður fjölskyldu í forvarnarskyni, til þess að fyrirbyggja þróun til verri vegar og þörf fyrir meiri háttar inngrip síðar meir. Töf á veitingu stuðnings hefur miklar afleiðingar í för með sér fyrir notendur.

3. Stuðningur til staðar.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru með þeim hætti að viðeigandi stuðningur er til staðar og mikilvægt er að viðhalda honum. Áframhaldandi stuðningur er nauðsynlegur. Einnig getur verið um að ræða umsækjendur sem eru með langvarandi stuðningsþarfir.

4. Töf hefur óverulegar afleiðingar.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru ekki með þeim hætti að veita þurfi stuðninginn strax, m.a. með hliðsjón af félagslegum aðstæðum og öðrum veittum stuðningi. Töf á veitingu stuðnings hefur óverulegar afleiðingar.



Fylgiskjal 3

Mat á stuðningsþörf samkvæmt reglum sveitarfélagsins Ölfus um stuðningsþjónustu – Þjónusta við fullorðið fólk

Flokkur 1

Mjög mikil stuðningsþörf.

Líkamleg, andleg og félagsleg líðan og/eða færni er með þeim hætti að umsækjandi þarf daglegaaðstoð og eftirlit við athafnir daglegs lífs, heimilishald og félagslegan stuðning.

Á einnig við ef umsækjandi hefur verið metinn af Færni- og heilsumatsnefnd fyrir varanlega búsetu á hjúkrunarheimili en er enn búsettur á eigin heimili. Þörf er fyrir mjög mikinn stuðningá meðan beðið er eftir að búseta á hjúkrunarheimili hefjist.

Flokkur 2

Mikil stuðningsþörf.

Líkamleg, andleg og félagsleg líðan og/eða færni er með þeim hætti að umsækjandi þarf leiðbeiningar, þjálfun, stuðning og eftirlit við athafnir daglegs líf, heimilishald að minnsta kostieinu sinni í viku. Umsækjandi þarf stuðning við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo hann geti búið heima. Umsækjandi er í þörf fyrir félagslegan stuðning, innan eða utan heimilis.

Flokkur 3

Meðal stuðningsþörf

Á við þegar umsækjandi er í þörf fyrir félagslegan stuðning, innan eða utan heimilis, vegna félagslegrar einangrunar. Markmiðið er að styðja notanda til félagslegrar þátttöku, s.s. í félagsstarfi.

Flokkur 4

Væg stuðningsþörf.

Á við þegar umsækjandi er sjálfbjarga en þarf leiðbeiningar, þjálfun og stuðning viðheimilishald s.s. með almennum heimilisþrifum einu til tvisvar sinnum í mánuði.